

Akranesi 23. júní 2015.

Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri

Stillholt 16-18,

300 Akranesi.


**Varðar: Grundaskóli, bætt aðstaða fyrir nemendur (1505117 RÁ/ahj)**

Í bréfi bæjarstjóra dagsettu 4. júní s.l. er óskað eftir umsögn skólastjórnenda í Grundaskóla varðandi hugmyndir nemenda um breytingar á kennarastofu í unglingadeild til að skapa nemendum betri aðstöðu. Skólastjórnendur lýsa sig fylgjandi hugmyndinni og telja hana skynsamlega af ýmsum ástæðum. Ljóst er að vinnurými fyrir nemendur er mjög lítið og með því að opna svæði þar sem núverandi kennarastofa er má bæta þar nokkuð úr. Þessi breyting gefur einnig tækifæri til þess að færa tölvur sem nú eru í tölvustofu skólans yfir á þetta svæði en það gefur aftur tækifæri til að nýta tölvustofuna með öðrum hætti. Kennarar unglingadeildar haf einnig samþykkt tillöguna enda gerir hún ráð fyrir að nýrri kaffistofu (kennarastofu) verði komið fyrir í núverandi verslunar-, geymslu- og salernisplássi í suðurenda á milli kennslustofa fyrir 10. bekk. Kostnaður við að opna miðrýmið er mjög lítill en eflaust munu breytingar sem fylgja nýrri kennarastofu kosta eitthvað. Ekkert formlegt kostnaðarmat hefur þó farið fram á þeirri framkvæmd og mikilvægt að skoða það hið fyrsta.

Virðingarfyllst,



Hrönn Ríkharðsdóttir, skólastjóri



Sigurður Arnar Sigurðsson, aðstoðarskólastjóri